

Mitt hverfi – mín borg niðurstöður hverfisfunda



Netspor ehf.

Desember 2009

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
SAMGÖNGUR.....	4
ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARSVÆÐI	5
SKÓLAMÁL	7
KJARNINN (MIÐPUNKTAR) Í HVERFINU	7
LÍFSGÆÐI.....	8
HJARTANS MÁL.....	9

INNGANGUR

Þessi samantekt er unnin upp úr niðurstöðum hverfisfunda sem haldnir voru í öllum 10 hverfum borgarinnar í nóvember og desember 2009. Eins og við var að búast snéru hugmyndir og lausnir íbúa ýmist um heildarsýn á málaflokka eða staðbundnar lausnir í einstökum hverfum. Í eftirfarandi samantekt er lögð áhersla á þau atriði sem komu fram í fleiri en einu hverfi og túlka má sem rauða þræði í skoðunum borgarbúa á skipulagsmál.



Í upphafi fundanna kynntu Júlíus Vífill Ingvarsson formaður skipulagsráðs, Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri stuttlega vinnu við nýtt aðalskipulag. Meginverkefni fundarins var hins vegar að laða fram hugmyndir þátttakenda og var það gert með virkri og skemmtilegri hópavinnu í anda „World Café“. Sævar Kristinsson og Kristján M. Ólafsson ráðgjafar frá Netspor stýrðu þeirri vinnu og útbjuggu þessa samantekt.

Það sem kristallaðist í öllum hverfunum var m.a.:

- Hverfin verði sjálfstæðari einingar, einskonaþorp í borginni. Í hverju hverfi sé ákveðinn hverfiskjarni sem byggir á grunnþjónustu, hverfisverslunum og mannlífi.
- Umferð gangandi og hjólandi verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að gera hjólreiða- og göngustíga að augljósum valkosti í samgöngukerfi borgarinnar
- Skipulag og viðhald grænna svæða borgarinnar verði bætt og þannig stefnt að aukinni notkun þeirra



SAMGÖNGUR

Umferð og mannvirki


- Í öllum hverfum komu fram sjónarmið um að þörf væri á nýjum áherslum í hönnun umferðarmannvirkja. Áberandi voru skoðanir um að umferð gangandi og hjólandi fengi meira vægi og að hönnun gatna og stíga tæki mið af því. Víða eru væntingar um að í götukassanum verði þrengt að bílaumferðinni með því að gangandi og hjólandi fái meira vægi
- Skipulag umferðarmála og umferðarmannvirki eru mörgum íbúum hjartans mál, þ.á.m. tengingar milli svæða og hverfahluta með göngubrúm og undirgöngum
- Huga þarf að heildrænni samþættingu allra umferðarkosta
- Íbúar vilja almennt lækka umferðarhraða og nefnt var að með vel hönnuðum götum megi lækka hraða án hraðahindrana og koma á eftirfylgni sem virkar
- Væntingar eru um að þau hverfi sem eru „sundurkorin“ með umferðarpungum götum fái lausnir, þar sem sérstaklega börnum og eldra fólki sé gert auðveldara að komast á milli hverfahluta
- Almennt er talin þörf á svokölluðum „hverfisvögnum“ til að auka öryggi barna við að sækja tómsundur og skóla, og eins til að minnka þörfina fyrir að foreldrar „skutli“ börnum
- Bæta umferðartengingar milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Víða komu fram væntingar um að fækka bensinstöðvum inni í íbúðahverfunum.
- Í sumum hverfum voru bílastæðamál íbúum hugleikin. Hækkun bílastæðagjalda og sekta komu fram sem óskir sem og fjölgun svæða með bílastæðakortum fyrir íbúa. Einnig komu fram þær skoðanir að ekki eigi að hverfa frá þeirri stefnu að við allar nýbyggingar verði að tryggja ákveðinn fjölda bílastæða
- Framtíðarskipulag þarf að taka mið af þróun á rafmagnsbílum. Í dag sé vægi bílsins of hátt á kostnað annarrar umferðar
- Íbúar verða varir við aukna gegnumstreymisumferð í hverfunum eftir því sem álag á aðalæðar eykst
- Mengun af völdum umferðar hefur áhrif á lífsgæði
- Hávaði er af umferð og uppsetningu hljóðmana þarf að auka við umferðarpungar götur
- Fjölga þarf svæðum með gjaldskyldum bílastæðum
- Gera má fleiri tilraunir í umferðarmálum og hafa frekar augun opin fyrir að bakka út úr þeim sem ekki virka
- Huga þarf að umferðarmálum í kring um skóla, oft bent á að minnka megi „skutli“ með tryggum og góðum samgönguleiðir fyrir gangandi og hjólandi umferð
- Það má víða bæta tengingar stíga og gatna við nágrannasveitarfélögin



Mitt hverfi – mín borg >> Samantekt minnispunkta


Hjól og gangandi

- Tryggja þar gott aðgengi að einstökum hverfishlutum og huga að öryggi barna í umferðinni
- Gera heilstæða stefnu fyrir hjólandi umferð og gerð göngustíga
- Horfa þarf til möguleika þess að setja hjólastíga inn í íbúðahverfin, jafnvel er hjólað gegn einstefnuumferð, í stað þess að hjólastígar liggi alltaf meðfram stofnbrautum
- Bæta þarf tengingar milli stíga
- Við hönnun lausna verði horft til þess sem er fyrir hendi. Til dæmis að opna gömlu þjóðleiðina við Esjurætur sem útivistarleið í græna treflinum
- Bæta þarf merkingar stíga, þannig að ljóst sé hvert þeir liggja



Almenningssamgöngur

- Væntingar eru um almenningssamgöngur sem „virka“ sem raunhæft val. Margir nefndu léttlesta- og neðanjarðarsamgöngur
- Koma upp hvatakerfi fyrir að nýta almenningssamgöngur
- Frístundastrætó þarf að koma í innan hverfa
- Málefni flugvallarins í Vatnsmýri eru oft nefnd sem hluti af lífsgæðum og bæði tiltekin rökin með og á móti
- Loka þarf Bústaðarvegar og beina umferðinni út á Miklubraut til að minnka umferð um Bústaðarhverfið og laga umferðarhnúta á Reykjanesbraut.
- Sundabrautin er mörgum hugleikin, bæði með rökum með og á móti veru hennar og legu
- Frítt í strætó fyrir skólabörn var ofarlega í huga margra til að auka öryggi barna



ÍPRÓTTA- OG ÚTIVISTARSVÆÐI

Aðstaða og aðgengi:

- Margir hafa skoðun á því að standa beri vörð um grænu svæðin sem og að huga betur að ræktun og lagfæringu „óræktarbletta“
- Víða var bent á þörf fyrir að tengja betur saman íþrótt og útivistarsvæði og bæta aðgengi að þeim
- Skýrar óskir komu um að fjölga þyrfti sundlaugum í borginni



Mitt hverfi – mín borg >> Samantekt minnisþunkta

- Veita þyrfti fleiri aðilum en börnum aðgengi að íþróttasvæðum og mannvirkjum, til dæmis getur eldra fólk nýtt sér aðstöðuna utan skólatíma
- Bent var á að víða um borgina séu græn svæði í órækt sem hlúa þarf að
- Með því að auka fjölbreytni í útivistar- og íþróttasvæðum má minnka brottfall ungs fólks úr íþróttum sem hefur forvarnargildi í för með sér
- Skjól fyrir vindi og umferðarhávaða er mörgum íbúum hugleikin og eins hvernig gera má skjól í stórum og smáum skala til að skýla að einstökum hverfum, torgum eða svæðum
- Í nýjum hverfum er íbúum umhugað um hvernig skilið er við óbyggðar lóðir. Með því að sá í svæði sem ekki verður byggð á næstu árin má bæta lífsgæði þeirra sem þegar eru fluttir í sín hús

Útivist

- Það má bæta stíga og tengja þá betur saman
- Sumum er hugleikið að auka og bæta lýsingu á stígum meðan aðrir vilja halda í myrkrið
- Huga þarf að svæðum fyrir útimarkaði, flóamarkaði, grænmetismarkaði og útileikhús
- Fjölga þyrfti bekkjum fyrir þreytta gangandi vegfarendur
- Vinna þarf svæði til útivistar og bygginga með því að setja götur í stokka og göng
- Óskir komu fram um að merkja þyrfti betur göngu- og hjólastíga
- Fjölga þarf skíðalyftum í ýmsum brekkum í borginni og að lengja má og hækka brekkuna í Rjúpnahæð með því að opna þar tímabundinn tipp
- Ábendingar komu um að víða um borgina megi gera skautasvell
- Óskir komu um að fjölgun battavalla í borginni
- Íbúar í úthverfum hafa skoðanir á því hvernig hverfin geti opnast út í náttúruna og inn í græna trefilinn. Eins bentu þeir á möguleika á byggingu nýrra golfvalla og tengingu þeirra við aðra útivist
- Íbúar vilja almennt styrkja græn svæði í sínum hverfum og hafa hugmyndir um „nýja“ Nauthólsvík við Rauðavatn og í fjörum víða um borgina
- Í fjörunni og við Rauðavatn eru hugmyndir um að setja upp aðstöðu fyrir smábáta og kajaka
- Tryggja að til séu opin íþróttasvæði í sem flestum hverfishlutum
- Með því að hreinsa og vernda fjörur má gera þær að meira aðlaðandi útivistarsvæðum
- Gera þarf sögulegum þáttum í hverfum hærra undir höfði, því víða um borgina eru sögustaðir sem þarf að draga fram í dagsljósið og tengja við útivist og útikennslu
- Meira þarf að gera í að snyrta gróður og tré til að nýta sem skjólbelti



Græn svæði

- Útivistarsvæði þarf að hanna í samhengi við íbúðabyggingu og þarfir hennar
- Hlúa þarf að grænum svæðum og bæta aðgengi að þeim

Mitt hverfi – mín borg >> Samantekt minnispunkta

- Bæta þyrfti viðhald á þeim svæðum þar sem gróðri hefur verið plantað
- Það þarf að bæta viðhald leikvalla víðs vegar um borgina
- Stækka þarf og fjölga skólagörðum fyrir alla aldurshópa
- Í grónum hverfum var áhersla á að bæta aðgengi að grænum svæðum og gera betur í að halda þeim snyrtilegum. Það er greinilegt að íbúum þykir vænt um vel heppnuð græn svæði í sínum hverfum
- Í nýrri hverfum og úthverfum voru skýrar væntingar um skipulag og aðgengi að þeim svæðum sem eftir er að byggja upp



SKÓLAMÁL

Skólmannvirki

- Skipulag skóla þarf að styðja við tólmstundir barna ekki hvað síst á sviði íþróttar og tónlistar
- Nýta þarf skólmannvirkin betur, líka fyrir íbúa. Stóran hluta sólarhringsins er lítil starfsemi í skólunum. Þann tíma mætti m.a. nýta fyrir tónlistarkennslu, íþróttaiðkun, skák, tólmstundir og dans
- Tengja þarf skólastarf við græn svæði hverfanna með bættri aðstöðu til útikennslu
- Víða má gera betur í uppbyggingu skólalóða og bent á að það eru til vel heppnaðar skólalóðir í Reykjavík sem horfa má til sem fyrirmynda
- Vöntun er á leikskólum í sumum hverfum
- Bæta þarf aðgengi fatlaðra að sumum skólum



KJARNINN (MIÐPUNKTAR) Í HVERFINU

- Kjarnar eru af ýmsum toga og geta til að mynda snúist um stóra og smáa verslunarkjarna, útivistarsvæði, smá torg til útivistar, verið af menningarlegum toga, skólabyggingar, íþróttamannvirki, heilsugæslu, bókasöfn, sundlaugar, kaffihús, veitingahús og atvinnusvæði
- Umferðaræðar sem skera hverfi í sundur gera oft illmögulegt að byggja upp einn kjarna í hverfi. Oft má að mati íbúa bæta tengingar samgöngur og aðgengi á milli einstakra kjarna með því að setja götur í stokk. Eins getur bygging göngubrúa



Mitt hverfi – mín borg >> Samantekt minnisþunkta

eða undirganga verið forsenda fyrir því að hægt sé að byggja upp og efla kjarna í hverfum

- Í nýjum hverfum komu fram skoðanir á því að hanna bæri þau þannig að göngufæri sé í kjarnann þar sem öll þjónusta sé fyrir hendi. Hvert hverfi þarf þannig hanna eins og sjálfstæð „þorp“ í borginni
- Í eldri hverfum höfðu íbúar væntingar um að styrkja kjarnana þannig að þeir nýtist til þess sem þeir voru hannaðir fyrir. Verslanir og önnur þjónusta hefur oft vikið fyrir nýrri starfsemi eða þá að rýmin standa auð í stað þess að efla nærþjónustu
- Oft var minnst á að það vanti verslanir sambærilegar við Melabúðina í fleiri hverfi og að fjölga þurfi kaffihúsum og matsölustöðum í þeim. Væntingar um fjölgun lítilla verslana inni í hverfunum komu fram á flestum fundum
- Hverfisverslanir og nærþjónusta ýta undir „þorpsbrag“ sem getur verið eitt af sérkennum eða meginkjörnum í hverfum og var mörgum umhugað um samkennd í sínu hverfi
- Ýta má undir samkennd íbúa með því að fela þeim ákveðin verkefni og t.d. leggja þeim til efni
- Ýta má undir eflingu hverfiskjarna með því að bæta ásýnd þeirra
- Ábendingar eru um að merkja hverfishluta til að efla vitund og bjóða fólk velkomid í viðkomandi hverfishluta
- Menningarmerkingar geta dregið fram sérstöðu í útivistarkjörnum
- Bent var á þarfir fyrir félagsmiðstöðvar sem samkomustaði fyrir íbúa hverfanna t.d. í tengslum við kirkjur og íþróttamannvirki



LÍFSGÆÐI

Þeir þættir sem íbúar flokkuðu undir lífsgæði eru helstir:

- Hverfið – sjálfstæði og sjálfbærni þeirra sem eininga innan borgarinnar sem leiði til aukinnar samkenndar íbúanna.
Græn svæði og útivist ásamt tengingum milli þjónustubátta í hverfunum þannig að auðvelt sé að ganga og hjóla bæði innan þeirra og milli hverfa.
- Samgöngur og umferðamál verði með endurskoðuð með mannleg gildi í huga. Þannig leiði aukin hverfisvæðing til minni bílaumferðar sem jafnframt minnki t.d. svifryk. Bættar almenningssamgöngur innan hverfa minnki þörf foreldra á að skutla börnum.
- Sundlaugar í öllum hverfum er metinn sem stór þáttur í lífsgæðum íbúa borgarinnar.



Mitt hverfi – mín borg >> Samantekt minnispunkta

Fjölmarginir aðrir þættir komu upp undir liðnum lífsgæði sem koma fram undir öðrum málaflokkum.

HJARTANS MÁL

-önnur málefni sem íbúar vilja koma á framfæri við skipulagsyfirvöld

- Í öllum hverfum er kallað eftir því að horft sé til grænna „lausna“
- Tengingar innan hverfa og við græn svæði voru nefnd, oft í tengslum við þarfir barna
- Hreint loft og varnir gegn hljóðmengun er íbúum hugleikin
- Vinna þarf að skipulagsmálum í náginni samvinnu við nágrannasveitarfélögin
- Sterkar skoðanir eru með og á móti á veru flugvallarins í Vatnsmýrinni og eins hvort honum sé betur fyrir komið á Hólmsheiði eða í Geldingarnesi
- Það eru skiptar skoðanir á hvort þetta eigi byggð eða ekki. Meðal annars kom fram að þétting byggðar þurfi ekki að vera aðalatriðið, heldur að gera það sem fyrir er lífvænlegra
- Hugmyndir eru um fjölmargar sundlaugar víða um Reykjavík
- Hæð húsa og mannvirkja sem og skuggavarp skiptir íbúa miklu máli

